

# Nanna Bisp Büchert

## Hönnun

Eiríkur Þorláksson

Íslenskir myndlistamenn, búsettir erlendis, eru líklega fleiri en flesta grunar. Margir eru vel þekktir hér og sýna list sína reglulega á Íslandi (t.d. Sigurður Guðmundsson, Jóhann Eyfells, Tryggvi Ólafsson, Karólína Lárusdóttir og Hreinn Friðfinnsson), en aðrir eru sjaldséðari, en ekki síður velkomnir gestir þegar þeir koma. Nanna Bisp Büchert ljósmyndari er í síðarnefnda hópnun, en um þessar mundir stendur yfir sýning á ljósmyndum hennar í Gallerí Úmbru við Amtmannsstíg; sýningin hefur hlotið titilinn „Annarskonar fjölskyldumyndir“.

Nanna Bisp Büchert er uppalin á Íslandi, en hélt eftir stúdentspróf til Kaupmannahafnar til náms og festi þar rætur. Fyrir um tuttugu árum tóku ljósmyndir hennar að birtast í dönskum blöðum og tímaritum, og hún hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir listræn vinnubrögð; verk hennar hafa verið valin á ýmsar stórar sýningar á norrænni list, t.d. „Scandinavia Today“, sem var haldin í Bandaríkjunum 1982, og „Tender is the North“, sem var haldin í London í fyrra.

Þessi frami kemur ekki á óvart. Í ljósmyndum Nönnu á sýningunni í Gallerí Úmbru endurspeglast mikil vandvirkni í vinnslu myndanna, nákvæmni í myndbyggingu, lýsingu og vali á filmum og pappír, til að útkoman henti hverju viðfangsefni sem allra best. Þessi vinna leggur grunninn að þeim gæðum, sem birtast í myndunum.

Oftar en ekki bera verk þeirra sem búa erlendis með sér annan andblæ en er ríkjandi í listinni hér heima, og verða þannig til að kynna landmönnum fleiri svið myndlistarinnar en ella væru í boði. Það er vel. Í myndröðinni „Annarskonar fjölskyldumyndir“ tekst Nanna á við verkefni sem margir myndlistarmenn hika við, vegna þess hversu hlaðið tilfinningum það er; slík viðfangsefni er auðvelt að missa yfir í ofhlaðna væmni, ef óvarlega er farið. Myndröðin byggir á sendibréfum og gömlum fjölskyldumyndum, en grunninn er að finna í sambandi dóttur við móður, í tvöfaldrí merkingu. Hér skiptir sagan máli.

Nanna ólst upp hjá móðurorömmu sinni í Reykjavík, en móðir hennar bjó í Kaupmannahöfn. Móðir Nönnu skrifaði móður sinni fjölda sendibréfa á árunum 1932-46, en þau komust í eigu




Nanna Bisp Büchert: Hún.

Nönnu eftir af amma hennar dó. Bréfin eru þannig vottur um innilegt samband dóttur og móður, og við lestur þeirra hefur Nanna enn síðar öðlast dýrmætt tækifæri til að kynna eigin móður, sem dó þegar listakonan var á barnaldri.

Ljósmyndirnar á sýningunni byggja ekki á efni bréfanna, held-

ur þeim tengslum sem þau vekja við horfna daga fjölskyldusamkvæma, æsku og áhyggjuleysi. Sendibréfin sjálf verða að táknum, sem og kuðungar, borðar, blúndur og gamlar ljósmyndir, sem settar eru í nýtt samhengi minninganna. Í þessum verkum getur hver og einn lesið eigin fjölskyldusögu að nokkrum hluta, og þannig bera



Nanna Bisp Büchert: Í garðinum.

þau með sér ljóðrænan blæ minninganna eða „nostalgíunnar“ fyrir sýningargesti jafnt sem listakona sjálfa.

Ekki er ástæða til að tíunda einstakar myndir öðrum fremur, þar sem þær eru afar jafnar að gæðum, og bera allar glöggan vott um þau vönduðu vinnubrögð, sem lýst var að framan. Tvö dæmi eru „Í garðinum“ (nr. 10) og „Hún“ (nr. 15), sem sýna vel þær samsetningar í uppbyggingu

myndarinnar, sem Nanna hefur tileinkað sér hér.

Segja má að helsti galli sýningarinnar (sem er smávægilegur í ljósi kostanna) felist í hversu þröngt er um myndirnar, þrátt fyrir að sýningarstaðurinn hæfi þeim vel; en aðstæðurnar auka ef til vill enn á innileika þeirra.

Sýningin á ljósmyndum Nönnu Bisp Büchert í Gallerí Úmbru við Amtmannsstíg stendur til miðvikudagsins 24. febrúar.

## Guðrún Einarsdóttir

### Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Í austursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir fyrsta boðsýning íslensks listamanns þar á þessu ári, en hér er um að ræða verk ungrar listakonu, Guðrúnar Einarsdóttur.


Guðrún lauk námi frá málunardeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1988, en var síðan viðbótarár í fjöltækni, þannig að aðeins fjögur ár eru liðin frá því hún lauk listnámi. Þrátt fyrir það mun þetta vera áttunda einkasýning hennar, auk þess sem hún hefur átt verk á sjö samsýningum síðustu þrjú ár, þannig að þessi unga listakona hefur haldið sig vel að verki.

Öll verkin níttján á þessari sýningu eru unnin með hvítum lit, og benda til þeirra takmarkana sem Guðrún hefur sett sér; í fyrri sýningum hefur hún ýmist unnið eingöngu með hvítt eða svart, og þannig voru öll verkin á einkasý-

ingu hennar í Gallerí einn einn 1990 unnin með svörtum lit.

Það mætti ætla að svo mörg stór, hvít málverk í einum sal kynnu að bera tilbreytingarleysi með sér, en svo er alls ekki; listakonan skapar fjölbreyttan heim hreyfingar, mynsturs og hrynjanda með ýmsum áhöldum (m.a. tenntum sköfum, sléttum spöðum o.fl.), sem er sérstakur fyrir hvert verk fyrir sig. Efnid er þykkt (akryl, pasto og gel) og er vel fallið til þeirrar úrvinnslu, sem Guðrún hefur tamið sér. Árangurinn verður sterk og blæbrigðarík myndgerð, sem verkar einkar vel á áhorfandann, þegar komið er inn í sýningarsalinn.

Tilraunir af þessu tagi með liti og form í óhlutbundnu myndmáli er í sjálfu sér ekki nýtt fyrirbæri, og hafa verið hluti rannsóknar listamanna á þessu sviði alla öldina. Þannig gerði Kasimir Malevich 1918 röð málverka sem hann kallaði „hvítt á hvítt“ í súpramatískum formlaunum sínum, og aðrir listamenn hafa kannað samspil forma og lita á viðlíka



Guðrún Einarsdóttir: Málverk (1992).

hátt síðar, t.d. innan svonefndrar Op-listar á sjöunda áratugnum; fleiri tengingar mætti nefna.

En efnistöð Guðrúnar og vinnubrögð eru um margt sérstök. Það er efnid fremur en liturinn sem hún er að vinna úr; það er mótun þess og yfirborðsgildi sem gefa verkunum þann kraft og þá fjölbreytni mynsturs og hreyfingar, sem geislar af þeim. Hvítt (híð hreina, hjarta) hentar einfaldlega

betur en einstakir litir í þessu skyni.

Í myndunum má finna regluleg mynstur (hringi, lárétt og lóðrétt markaða fleti, bylgjur yfir þveran flötinn o.s.frv.) sem og óregluleg, en í öllum verkunum er til staðar viss hrynjandi, sem heldur þeim saman. Hver áhorfandi mun áreiðanlega finna hér eitthvað við sitt hæfi. Það er hvíld, hógværð og jafnvel draumsýn í þessum myndum, sem þannig ná að skapa visst mótvægi við hinn eirðarlausa, sundurlausa og napra heim, sem sýningargestir hafa horfið frá um stund.

Þrátt fyrir að þessi verk Guðrúnar séu þannig ánægjuleg upplifun hverjum þeim sem kynnist þeim, fer ekki hjá því að sú hugsun læðist að áhorfandanum að möguleikar þessa myndheims séu í raun þröngir, og verði fljótt tæmdir. Slíkar ályktanir eru eðlilegar, en virðast þó óþarfar enn sem komið er; hér er á ferðinni ung listakona sem er við upphaf síns ferils, og því verður athyglisvert að fylgjast með á hvern hátt hún mun halda áfram að þroskast í lífsstarfi sínu.

Sýning Guðrúnar Einarsdóttur í austursal Kjarvalsstaða stendur til sunnudagsins 7. mars.

## Leiksýning á kaffihúsi


LEYNI-Leikhúsið frumsýnir „Þrusk“ á Café Sólun Íslandus, sunnudaginn 28. febrúar.

Sýningin samanstendur af tveimur einræðum og atriðum úr leikriti Jóhanns Sigurjónssonar, Galdra-Lofti. Í fréttatilkyningu segir: „Efniviður í einræðurnar er sóttur úr ólíkustu áttum, en mestan heidurinn eiga þó Anton Tsjechov og Shakespeare, auk þess sem sótt er í smíðju Steins Steinars, Sigfúsar Daðasonar, Jóns lærða og Schwartzeneggers.“

Aðstandendur Leyni-Leikhússins eru Jóhanna Jónas, Vilhjálmur Hjálmarsson og Ásdís Þórhallsdóttir. Jóhanna hefur lokið námi frá School for the Arts, Boston University, Vilhjálmur frá The Mountview Theatre School í London og Ásdís frá Leikhúsi og skóla dramatískrar listar í Moskvu.

Einnig segir í fréttatilkyningu að markmið Leyni-Leikhússins sé fyrst og fremst að þróa og vinna að nýsköpun í íslensku leikhúsi og gefa ungum listamönnum tækifæri til þess að móta og framkvæma hugmyndir sínar um lifandi list í leikhúsi.

Önnur sýning verður mánudaginn 1. mars, þriðja sýning miðvikudaginn 3. mars. Sýningarnar hefjast klukkan 20.30.



## DÚETT

### Tónlist

Jón Ásgeirsson

Þriðju ljóðatónleikarnir að Gerðubergi í ár voru haldnir sl. mánudag og komu þá fram Unnur A. Wilhelmsdóttir og Kolbeinn Ketilsson, ásamt Jónasi Ingimundarsyni. Á efniskránni voru söngverk eftir Haydn, Wolf, Schumann, Dvorák og Alice Mary Smith.

Tónleikarnir hófust á tveimur dúettum eftir Haydn, líklega úr einhverjum af óperunum hans, sem munu vera um það bil eða rúmlega 20 að tölu. Bæði Kolbeinn og Unnur hafa þegar aflað sér góðrar kunnáttu, sem enn er þó nokkuð meðvitað í allri útfærslu. Kolbeinn söng átta verk eftir Wolf, öll við ljóð eftir Mörike. Það þarf mikið öryggi og góða kunnáttu til að fletja þessi erfiðu tónverk af öryggi og það gerði Kolbeinn og sum þeirra mjög vel, eins og t.d. Der

Gärter og Storchenbotschaft. Eftir hlé söng Unnur átta lög eftir Schumann. Það sama má segja um söng hennar og sagt var um Kolbeinn, að flutningurinn var grundaður á góðri kunnáttu og því til viðbótar, að Unnur hefur til að bera náttúrulega vel hljómandi rödd, en hættir þó á stundum til að ofgera henni, þegar hún söng af fullum styrk.

Tónleikunum lauk með tveimur dúettum eftir Dvorák og viðkvæmnislegum ástarsöng (líklega amerískum), eftir Alice Mary Smith, sem þau fluttu mjög fallega og af nokkrum innileik. Bæði Unnur og Kolbeinn eru efnilegir söngvarar og hafa aflað sér góðrar menntunar, sem mun trúlega skila sér vel í framtíðinni og nýttast þeim í átökum við margvísleg viðfangsefni. Jónas Ingimundarson lék með og átti margt frábærlega fallega gert, bæði í Wolf og Schumann en í þessum söngverkum, er jafnræði á milli píanósins og söngdráðarinnar í túlkun.